

4. fundur stjórnar Þekkingarsetursins Nýheima

28. ágúst kl. 8:15 – Nýheimum, Höfn í Hornafirði

Mætt voru:

Ragnhildur Jónsdóttir, formaður stjórnar, ritaði fundargerð.
Eyjólfur Guðmundsson, varaformaður stjórnar
Kristín Hermannsdóttir, Náttúrustofu Suðausturlands (var fjarverandi) RJ
Árdís Erna Halldórsdóttir, Austurbrú
Vala Garðarsdóttir, Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Fanney Björg Sveinsdóttir, SASS, ritaði fundargerð
Tinna Björk Arnardóttir stjórnaði fundi.

1. Viðbrögð mennta- og menningarmálaráðuneytisins við bréfi sendu 14. ágúst.

Ragnhildur sagði frá tilraunum sínum til að fá viðbrögð frá tengiliði Nýheimastjórnar við ráðuneytið, Þórarinn Sólmundarson snýr ekki aftur úr fríi fyrr en í dag. Hún sagði einnig frá fyrirhugaðri heimsókn Illuga Gunnarssonar mennta- og menningarmálaráðherra í lok næstu viku. Gert er ráð fyrir að hluti stjórnar hitti hann til að ræða framtíð framhaldsfræðslunnar og rekstur Þekkingarsetursins Nýheima. Ákveðið að koma saman þegar fyrir liggur nákvæmari dags- og tímasetning fyrir þá heimsókn til að skipuleggja fundi með honum.

Umhverfisstefna Nýheima.

Árdís dreifði umhverfisstefnu Nýheima frá 2009. Umræður voru um hana og ákveðið að skipa í 5 manna umhverfisnefnd skv. núverandi umhverfisstefnu. Hún gerir tillögur að endurskoðaðri stefnu fyrir Nýheima og vinnur hana í samræmi við umhverfisstefnu sveitarfélagsins. Árdís aflar upplýsinga frá sveitarfélaginu. Tinna sendir póst á alla þar sem m.a. koma fram uppástungur um fulltrúa í nefndina. Markmiðið er að hún verði fullskipuð í næstu viku.

2. Önnur mál

- 2.1. Fanney upplýsti að Eyjólfur og hún séu að skoða þann möguleika að útskriftarnemendur í FAS taki að sér rekstur kaffiteríu í Nýheimum. Umræður um kaffimál.
- 2.2. Vala upplýsti að hún og Eyjólfur ætli að ræða við húsverðina um breytta starfshætti.
- 2.3. Umræður voru um að fara í þá vinnu að uppfæra vefinn www.nyheimar.is Fyrsta skref í þeirri vinnu er það að Árdís sendir út form til starfsmanna sem fylla út

upplýsingar um starfsheiti og starfið sitt til að setja á vefinn. Hver og einn skoðar síðuna eins og hún lítur út í dag og kemur með tillögur til breytinga.

Fundi slitið kl.09:.05